

AFSTAÐA OG ATHUGASEMDIR FÉLAGS ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRAÐINGA VEGNA FRAMKOMINNAR TILLÖGU FULLTRÚA FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA OG SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA UM BREYTINGAR Á FYRIRKOMULAGI LÍFEYRISMÁLA OPINBERRA STARFSMANNA

Stjórn Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur tekið til umfjöllunar skjal um tillögu fulltrúa fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála opinberra starfsmanna.

INNGANGUR

FÍN hefur einnig kynnt sér skýrslu vinnuhóps um endurskoðun lífeyrismála skv. 9. gr. stöðugleikasáttmálans, dags. 25. júní 2009 (<https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2015/Skyrsla-03072015.pdf>) en í þeirri skýrslu er fjallað um framtíðarsýn í lífeyrismálum. Vert er að árétta nokkur atriði sem koma fram í skýrslunni.

Þar kemur fram:

- að mikilvægt sé að undirstrika að það er á valdsviði hvers og eins samningsaðila á vinnumarkaði hvernig staðið verður að því að ná fram umræddum breytingum þó aðilar vinnumarkaðarins hafi hér sameinast um framtíðarskipan lífeyrismála (bls. 8).
- að í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna við fjármálaráðherra 1980 voru tekin af öll tvímæli um að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna væru órjúfanlegur hluti af kjarasamningum (bls. 9).
- að við breytingar sem gerðar voru á lögum LSR þegar stofnuð var A-deild LSR og B-deild LSR um leið lokað var skrifað undir samkomulag milli fjármálaráðherra og samtaka opinberra starfsmanna (bls. 10).
- að Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga var stofnaður með samningi milli BHM, BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga (bls. 10).
- að eftir að heildarlöggjöfin var sett árið 1997, með ákvæðum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og viðbótarlífeyrissparnað, beri íslenskra kerfið helstu einkenni þriggja meginstoða sem Alþjóðabankinn mælir oft með og oft er vitnað til (bls. 14). Meginstoðirnar þrjár eru:
 - Opinbert almannatryggingakerfi sem byggir á loforði um ákveðinn lágmarkslífeyri sem nær til allra og greiðir lífeyri, fastan eða tekjutengdan, sem er fjármagnaður með sköttum.
 - Skyldutryggingakerfi undir opinberu eftirliti en rekið af einkaaðilum. Þetta kerfi byggir á iðgjaldagreiðslum sjóðsfélaga, sjóðssöfnun og samtryggingu að vissu marki. Þessi hluti kerfisins er sjálfbær og er víða byggður á kjarasamningum líkt og hér á landi.
 - Frjáls einstaklingsbundinn viðbótarparnaður með hvatningu í gegnum skattkerfið og tilteknum bindingum um ráðstöfun.

KRÖFUGERÐ FÍN

Í kröfugerð Félags íslenskra náttúrufræðinga, sem hefur ítrekað verið lögð fram í viðræðum um kjarasamning milli aðila kemur fram að félagið vilji að aðilar setji saman vegvísi til að þróa einn vinnumarkað á Íslandi.

ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR FÍN

Stjórn FÍN (FÍN) telur að breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sé samkomulagsatriði milli aðila. Samkomulag var milli aðila um að koma á lífeyriskerfum og almennt er viðurkennt að lífeyrisréttindi séu hluti af kjarasamningsbundnum réttindum starfsmanna. Ríkið getur því ekki einhliða breytt samkomulagi sem þessu með lagasetningu. Fari ríkisvaldið fram með lagaboði og breyti lífeyriskerfum starfsmanna telur FÍN að sé að ræða brot á kjarasamningum aðila og því getur þurft að grípa til viðeigandi aðgerða.

FÍN telur breytingar á lífeyriskerfum opinberra starfsmanna mjög mikið hagsmunamál sem varðar félagsmenn til framtíðar og því þurfi að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi verður að vera mjög breið samstaða innan formannaráðs og að ákvarðanirnar séu studdar af stjórnnum aðildarfélaga. Í öðru lagi er hlutverk stéttarfélaganna og BHM að standa vörð um réttindi og kjör sinna félagsmanna og því væru þau að ganga þvert á hlutverk sitt með því að samþykkja að réttindi félagsmanna í lífeyrissjóðum verði á einhvern hátt skert.

FÍN er fylgjandi því að lífeyriskerfi verði eins fyrir alla launþega í landinu í komandi framtíð. Slík breyting þarf þó að gerast á eðlilegum hraða og má alls ekki leiða til þess að opinberir starfsmenn eða starfsmenn á almennum markaði beri skarðan hlut frá borði.

FÍN telur að framkomnar tillögur fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga séu óljósar og mögulega það flóknar að það sé ekki með nokkrum hætti hægt að leggja mat á þær né taka afstöðu til þeirra eins og þær liggja fyrir núna.

FÍN ítrekar afstöðu sína að núverandi sjóðfélögum í A-deild LSR og A-deild LSS verði gert kleift að klára æviferil sinn í því kerfi. Í því felst að loka deildunum fyrir nýjum sjóðfélögum eins og gert var við B-deild LSR og B-deild LSS á sínum tíma. Að mati FÍN yrðu réttindi núverandi sjóðfélaga þá best tryggð.

FÍN telur óásættanlegt að aðilar vinni að breytingum á lífeyriskerfum landsmanna undir pólitískum þrýstingi eða tímappressu og telur það í hæsta máta óraunhæft, þrátt fyrir góðan vilja, að hægt verði að ganga frá samkomulagi með gildistöku 1. janúar 2017.

FÍN mótmælir því að lífeyristökualdur verði hækkaður úr 65 árum í 67 ár og telur það óþarfa ráðstöfun þar sem sýnt hefur verið fram á að Íslendingar eru meðal þeirra þjóða sem hefja töku lífeyris seint og kjósa að vinna lengur en þeir þurfa. Þessi tvö ár geta verið mun verðmætari fyrir einstakling sem tími á ellilífeyri heldur en í starfi. Þrátt fyrir öll meðaltöl er heilsa einstaklinga mismunandi. Hvati er til staðar í núverandi lífeyriskerfi fyrir fólk að vinna lengur. FÍN tekur hins vegar jákvætt í það að sjóðfélögum séu gefinn kostur á sveigjanleika varðandi upphaf lífeyristöku. Hvað sá sveigjanleiki kann að kosta sjóðfélaga, kjósi þeir að nýta sér hann, er þó óljós í fyrirliggjandi tillögum.

FÍN telur að ríkið þurfi að vera samkeppnisfært við almenna markaðinn. Í framlögðum tillögnum liggja ekki fyrir neinar marktækar áætlanir og óljóst hvað átt er við, með að unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á hinum opinbera og almenna vinnumarkaði eins og kostur er. FÍN telur óljóst gagnvart félagsmönnum okkar hvað felst í því að jafna laun einstakra hópa. Auk þess getur FÍN ekki samþykkt að verið sé að fastsetja eða áætla í prósentum til framtíðar leyfilegar breytingar á launum einstakra hópa. Ekki er fyrirséð hvernig þetta á að gerast eða hverjir telja sig til þess bæra að taka ákvarðanir um slíka leiðréttingu né hvenær. Það er ljóst að samningsumboð liggur hjá aðildarfélögum BHM og þau semja um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. FÍN bendir einnig á að það kemur ekki fram hvort umrædd jöfnun launa muni hafa áhrif á útgreiðslur úr fyrirhuguðum varúðarsjóði þar sem skilyrði er varða útgreiðslur úr varúðarsjóðnum liggja ekki fyrir í tillögnum.

FÍN gerir sér fulla grein fyrir verðmæti bakábyrgðar sem er að baki lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. FÍN getur því ekki fallist á að bakábyrgð ríkisins og sveitarfélaga, sem launagreiðanda, sé látin niður falla. FÍN telur reyndar æskilegt að það sé bakábyrgð til staðar, þ.e. bein ríkisábyrgð, sem tryggir lífeyrisréttindi allra landsmanna. Það er með öllu óásættanlegt að launþegi þurfi að bera skarðan hlut frá borði vegna áfalla sem lífeyrissjóður getur orðið fyrir t.d. vegna lélegra fjármálastjórnunar, mikillar örorkubyrgði eða annarra áfalla. Ríkisvaldið setur með lögum skyldur á hendur launþegum, með lögum, um að greiða í lífeyrissjóð þegar þeir eru á vinnumarkaði en engin trygging er almennt fyrir hendi fyrir því að sjóðfélagi gangi að þeim réttindum vísu sem hann telur sig vera að ávinna sér. Verði lífeyrissjóður, með enga bakábyrgð, fyrir áföllum þá eru tvær leiðir færar, að skerða lífeyrisréttindi eða að aðilar semji sé sérstaklega um viðbótar iðgjald í sjóðina í gegnum kjarasamninga. Þriðja leiðin væri að ríkisvaldið myndi setja inn fjármagn í lífeyrissjóðina, en slík bakábyrgð er ekki til staðar í dag á almennum markaði. Bakábyrgð ríkisins sem launagreiðanda í A-deild LSR og bakábyrgð sveitarfélaganna sem launagreiðanda í A-deild LSS er því ómetanleg fyrir sjóðfélag þessara deilda.

FÍN gerir athugasemdir við að í tillögum ríkisins og sveitarfélaga er ekki fjallað um nýju töflur um lífslíkur sem hafa verið til umfjöllunar og bent hefur verið á að þurfi að taka gildi. Þessar töflur eiga að gefa réttari mynd af lífslíkum sjóðfélaga og þannig öruggari útreikninga um hver fjárhagsleg byrði lífeyrissjóðanna muni verða í framtíðinni. Nýjar töflur um lífslíkur hafa þau áhrif að útgjaldabyrði lífeyrissjóðanna mun aukast að öllu óbreyttu. Sjóðsstjórnir í almennum lífeyrissjóði geta aðeins beitt einni aðferð til að koma á mótis við þann kostnað sem þær valda, þeir geta skert réttindi sjóðfélaga. Aðilar vinnumarkaðarins geta ákveðið að ná samkomulagi um hærra iðgjald og/eða mótframlag í lífeyrissjóðina. Vegna bakabyrgðar A-deildar LSR og A-deildar LSS þá myndu þessar breytingar hafa þau áhrif að sjóðsstjórn A-deildar LSR og A-deildar LSS yrðu að hækka mótframlag launagreiðanda til að standa undir lífeyrisskuldbindingum, þar sem réttindi sjóðfélaga í A-deild LSR og A-deild LSS eru bundin í lög og því gæti sjóðsstjórn ekki beitt þeirri aðferð að skerða réttindi sjóðfélaga. Helsta ógnin sem launþegar standa frammi fyrir er sú að ríkisvaldið ákveði einhliða að hækka lífeyristökualdur á allra landsmanna þegar nýjar töflur um lífslíkur taka gildi. Það gæti haft í för með sér að lífeyristökualdur fari mögulega upp í 70 ár. Það væri almennt mikil rýrnun á réttindum allra landsmanna og 5 ár fyrir opinbera starfsmenn, þ.e. úr 65 ára aldri til 70 ára, er mjög verðmætur tími fyrir einstakling og vart hægt að meta að fullu til fjár.

AFSTAÐA FÍN

Ríki og sveitarfélögum verður að vera ljóst að FÍN mun ekki semja um né samþykkja breytingar á lífeyrskerfi opinberra starfsmanna sem fela í sér skerðingu á réttindum eða kjörum núverandi eða framtíðar félagsmanna FÍN. FÍN er tilbúið til umræðu um að breyta lífeyrskerfi opinberra starfsmanna þó aðeins þannig að ef nýtt kerfi felur í sér skerðingu á lífeyrisréttindum þá sé það bætt upp í launum eða með öðrum hætti. FÍN lítur svo á að framlagðar tillögur séu vinnuskjal sem þarf að taka miklum breytingum áður en félagið getur tekið endanlega afstöðu til þeirra breytinga á lífeyrskerfinu sem þar eru kynntar. Einnig lítur félagið svo á að aðilar, BHM, ríki og Samband íslenskra sveitarfélaga, hafi verið í óformlegum viðræðum/þreifingum um breytingar á lífeyrskerfi opinberra starfsmanna. Það er undirstrikað að aðilar verða að ná samkomulagi um breytingar á lífeyrskerfinu eigi að gera breytingar á því. Að mati FÍN þurfa ríki og sveitarfélög að taka tillit til framangreindra athugasemda í frekari vinnu við framlagðar tillögur áður en launþegar geta tekið afstöðu til þeirra.

FÍN lýsir því yfir að það sé tilbúið til að vinna að samkomulagi um framtíðarlífeyrskerfi fyrir opinberra starfsmenn og samhliða því að semja í kjarasamningi um kaup og kjör, þannig að um verði að ræða sambærileg launakjör og eru á almennum markaði. FÍN leggur til að samningsaðilar byrji á því að vinna að samningum um nýtt framtíðarlífeyrskerfi og launasetningu fyrir framtíðar starfsmenn ríkisins, án tímapressu eða óeðlilegs þrýstings. FÍN leggur til að aðilar útfæri nýtt lífeyrskerfi með það að leiðarljósi að sjóðfélagar í A-deild LSR og A-deild LSS kjósi frekar lífeyrskerfi þar sem launasetning er betri, þ.e. sambærileg laun við almenna markaðinn.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Marianna H. Helgadóttir, formaður